



VEIÐISTAÐALÝSING
FÁSKRÚÐ

Árni Geir Pálsson



Fáskrúð í Döldum er fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi laxveiðiá. Fáskrúð á upptök sín á Gaflfellsheiði norður undir vatnamörkum á milli Dala og Bitrufjarðar tugi kílómetra frá sjó. Tvær megin árkvíslar mynda Fáskrúð og rennur áin í einum farvegi til sjávar um 20 kílómetra leið. Hið laxgenga svæði Fáskrúðar er um 12-14 kílómetra langt og nær það frá Katlafossi og að ósi skammt neðan brúar á þjóðvegi. Í Fáskrúð eru 36 merktir veiðistaðir sem eru fjölbreyttir, skemmtilegir og sumir krefjandi. Vatnasvið árinnar er um 165 ferkílómetrar. Undanfarinn áratug hefur meðalaflinn verið um 280 laxar en veiðin fór hæst árið 2010 en þá komu 523 laxar á land. Á undanförnum árum hefur aðeins takmörkuðum hluta aflans var sleppt aftur. Veitt er á 2-3 stangir eftir tíma hverju sinni. Nýuppgert og glæsilegt veiðihús er að Ljárskógum, en þar sjá veiðimenn um sig sjálfir.

VEIÐISTAÐALÝSING – FÁSKRÚÐ Í DÖLUM

© Árni Geir Pálsson 2018 (agp@simnet.is)

Útgefandi Blóðberg ehf.

Texti, hönnun, umbrot, teikningar og myndir: Árni Geir Pálsson

Rit þetta má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða heild án skriflegs leyfis útgefanda eða höfundar.

Fáskrúð - tíu fengsælar flugur



Collie Dog
Long tail



Svört Snælda



Rauð Frances



Svört Krafla



Haugur Hitch



Sun Ray Shadow



Silver Sheep



Svört Frances



Dimma



Hairy Mary

Inngangur:

Við gerð þessarar veiðistaðalýsingar voru upplýsingar úr veiðibókum áranna 2010 til 2017 greindar. Í mjög grófum dráttum er reynt að bregða upp mynd af þeim veiðistöðum sem gefið hafa flesta fiska undanfarin ár. Teikningar eru ekki endilega í réttum hlutföllum en er frekar ætlað að sýna helstu kennileyti og legustaði. Tölur um veiði koma úr veiðibókum Fáskrúð og frá Veiðimálastofnun. Lýsingin er að hluta byggð á veiðistaðalýsingu sem birtist í Veiðimanninum árið 1998, ein einnig var leitað álits og ráða hjá þrautreyndum veiðimönnum sem veitt hafa Fáskrúð í fjölmörg ár. Meðal þeirra eru Arnór Björnsson eigandi Ljárskóga og Guðmundur Stefán Mariasson fyrrum formaður SVFR. Tilraun er gerð til að greina líklega legustaði laxins og með hvaða ráðum best sé að koma agninu til hans. Gjöfulir veiðistaðir til margra ára breyta sér þannig að þeir halda ekki fiski en aðrir koma inn í staðin. Vatnshæðin breytist milli daga og laxinn flytur sig til í hyljum, breiðum og strengjum. Þá er það aðeins hygguvit veiðimannsins sem getur komið honum til hjálpar.



Kveðja, Árni Geir

Yfirflug og staðsetningar *

Í lýsingunni er á nokkrum veiðistöðum er mynd af „dróna“ – ef smellt er á myndina kemur upp myndband sem sýnir yfirflug yfir staðinn. Einnig er mynd af GPS merki, ásamt staðsetningu staðarins. Ef smellt er á GPS merkið kemur upp tenging við Google Maps í vafra sem sýnir staðsetningu veiðistaðarins.



*Nauðsynlegt er að vera í netsambandi

©Árni Geir Pálsson

Stjörnugjöf veiðistaða

Stjörnugjöf veiðistaða byggist á því hversu margir laxar veiðast á veiðistaðnum að meðaltali á ári hverju samanber meðfylgjandi töflu.



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

Veiðistöðum eru gefin stig eftir því hvenær besta, meðal og lágmarks veiði er úr hverjum stað. Veiðinni er skipt niður í fyrri og seinni hluta mánaða. Þrír laxar tákna besta tímann, tveir laxar tákna meðaltals veiðítíma og einn lax táknaður bað að veiði sé með minnsta móti.

Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.
					

1. Neðri Brúarstrengur


65°10'23.7"N 21°42'24.7"W



Neðsti veiðistaður í Fáskrúð er Neðri-Brúarstrengur sem er ofan og neðan við nýju brúna. Efri hlutinn fylltist af möl fyrir nokkrum árum en oft má sjá laxa fyrir neðan brúna og þá helst á stórstraumsflóði, en nokkrir laxar hafa verið skráðir sem veiddust alveg niður undir ósnum. Veiðistaðurinn og strengirnir niður undir ós eru fyrst og fremst gjöfulir á göngutíma laxins en þá geta veiðimenn lent í miklum ævintýrum þegar nýgengnir fiskar hremma flugur veiðimanna með miklum tilþrifum.



©Árni Geir Pálsson




2. Efri Brúarstrengur

65°10'25.7"N 21°42'22.4"W



Undir gömlu brúnni á þjóðveginum er Efri Brúarstrengur. Staðurinn er dæmigerður klapparhylur og yfirleitt tekur laxinn neðarlega í strengnum en í miklu vatni getur hann legið í straumnum á milli brúarstöplanna. Þar sem áin rennur til sjávar á klöppum og eyrum, á frekar grunnu vatni, er líklegt að laxinn gangi í Fáskrúð á háflóðinu. Á göngutíma ættu veiðimenn að að gæta vel að sjávarföllum. Á þeim tíma er hægt að hitta á mikið magn af grálúsugum laxi í staðnum. Því skyldu veiðimenn ætíð gefa sér tíma til að kanna hvort laxinn leynist í brúarstrengjunum á göngutíma.



©Árni Geit Pálsson




Silver Sheep

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.




4. Neðstafljót

65°10'59.8"N 21°41'14.4"W



Neðstafljót er lygn og nokkuð djúpur staður sem stundum hefur gefið laxa. Þarna skellur áin á klöpp við suðurlandið og liggur laxinn helst á dýpinu ofan og neðan við klöppina.

Mikilvægt er að klára að veiða staðinn vel niður úr. Neðstafljót er að sjálfsögðu einn af göngustöðum árinnar vegna þess hversu neðarlega hann er. En gera má ráð fyrir því að þarna haldi lax til allt sumarið og fram á haustið þar sem svæðin í kring gætu hentaoð vel þegar kemur að hrygningu.



©Árni Geit Pálsson




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.



8. Hellufljót

65°11'12.8"N 21°40'53.1"W




Hellufljót er skammt neðan við gamla veiðihúsið og hefur í áranna rás verið besti veiðistaðurinn í Fáskrúð. Þarna má gagna að laxi vísum allt veiðitímabilið. Þetta er jafnframt stærsti veiðistaðurinn í ánni og jafnan sá sem mest er veiddur. Þarna tekur án vinkilbeygju meðfram stórum kletti sem skagar út í ánnu. Fyrsti staðurinn til að veiða er í krikanum þar sem ánir beygir. Þangað er hægt að kasta frá norðurbakkanum ein einnig úr kverkinni ofan við klettinn. Neðan við klettinn liggar laxinn oft í miðjum straumnum á berghellunni, sérstaklega er vatnsstaða er góð. Síðan er hægt að veiða allan strenginn, niður á breiðuna og allt niður á brotið. Veiðimenn ættu að forðast að fara fram á klettinn til að skyggna staðinn, því að laxinn sér veiðimenn mjög vel – og þá er gamanið búið.



© Árni Geit Pálsson



Einkunn					
★	★	★	★	★	
Hlutfallsleg veiði pr. stangardag					
júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.




9. Ármótastrengur

65°11'20.5"N 21°40'47.7"W




Ármótastrengur var á árum áður einn af gjöfulli stöðum árinnar en hann breyttist verulega í flóðum fyrir nokkrum árum og má nú muna sinn fífil fegri. Staðurinn getur þó alltaf geymt fiska hvort sem er á göngutíma sem og á haustin. Á göngutíma er líklegt að laxinn staldri við og "hnusi" af vatninur úr Þveránni áður en hann heldur fór sinni áfram. Einnig er líklegt er að töluvert af laxi hrygning á þessu svæði árinnar þar sem mikið erum um heppilega hrygningarmöl. Staðurinn er frekar grunnur og viðkvæmur og ættu veiðimenn því að fara varlega að staðnum og passa sig á að vaða ekki því að þá getur laxinn styggst.



©Árni Geir Pálsson



Einkunn					
★	★	★	★	★	
Hlutfallsleg veiði pr. stangardag					
júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.




13. Hávaði

65°11'39.5"N 21°40'28.0"W




Hávaði er nettur veiðistaður sem er skammt neðan við háspennulínu sem lyggur yfir Fáskrúð. Þarna fyrir ofan rennur áin hratt fram hvítfysandi á klöppum og ber staðurinn væntanlega nafn sitt af þessum "hávaða". Ofarlega er nokkuð djúpt ker og sum ár hefur þessi staður gefið allt að tug laxa á sumri. Stundum hefur gefið góða raun að renna gárutúpu í hvítfysið efst í strengnum þá getur laxinn komið eftir henni með tilþrifum. Neðar í hylnum eru bollar og rennur sem geta geymt laxinn og því þarf að veiða staðinn vel.



©Árni Geit Pálsson



Gárutúpa



14. Eirkvörn

65°11'45.5"N 21°40'20.9"W



Eirkvörn er einn af laglegri veiðistöðunum á þessu svæði og þar hefur oft fengist þó nokkuð af laxi þegar hann er í göngu upp ána. Áin rennur fram með kletti norðan megin árinnar og liggur laxinn yfirleitt í miðjum hylnum, nær klettinum. Staðurinn er ekki stórvægt en flugan fer þar einstaklega vel. Ef laxinn er á staðnum þá tekur hann fluguna yfirleitt fljóttlega, ef hann tekur þá yfir höfuð.



©Árni Geit Pálsson




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.



21. Neðri Stapakvörn

65°12'16.9"N 21°39'39.9"W




Veiðistaðurinn er nefndur Neðri Stapi eða Neðri Stapakvörn. Þarna er aðal veiðistaðurinn dálítið fyrir ofan stóran stapa í miðju gilinu. Þessi fallegi staður getur verið frekar mishittinn en áður fyrr lá þarna töluvert af laxi allt sumarið. Þess vegna ættu veiðimenn alltaf að kanna staðinn þar sem "lengi er von á einum". Gott er að kasta þarna flugu og það er aðeins hægt frá suðurlandinu. Mikilvægt er að standa vel uppi á eyrinni til að styggja ekki fiskinn. Laxinn getur legið utan í klöppinni norðan megin þar sem fellur ofan í staðinn og alveg niður á brotið.



©Árni Geir Pálsson



Krafla - túpa



23. Matarpollar

65°12'34.3"N 21°39'15.8"W



Eins og nafnið ber með sér eru fleiri en einn veiðistaður í Matarpollum. Laxinn liggar helst fyrir ofan og neðan haft sem er í miðri ánni. Ofan við haftið er lítt og fallegur hylur þar sem lax getur legið, sérstaklega á göngutíma. Neðan við haftið er svo stærri hylur sem er ofan við þann stað þar sem án breiðir úr sér og fellur í kvíslum milli grjóthryggja. Í fljótu bragði mætti ætla að þetta væru aðallega göngustaðir en sum árin hafa fengist þarna legnir laxar á haustin og að þá hafi verið þó nokkuð af laxi á þessu svæði.



©Árni Geit Pálsson




Green but

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.



26. Efri Stapi


65°12'42.1"N 21°39'10.6"W



Í Efri Stapa er helsti tökustaðurinn í sjálfum strengnum. Gott er að kasta flugu frá norðurbakkanum og þarna hafa fengist nokkrir laxar á hverju ári. Laxinn veiðist þarna sérstaklega á fyrri hluta tímabilsins. Í botni er berghella sem endar í töluverðu dýpi. Þarna eru líka djúpar rennur og bollar í botninum og þar getur laxinn haldið sig. Gott er að fara varlega í að skyggna staðinn, en í meðalvatni og litlu vatni ættu veiðimenn að geta gengið úr skugga um hvort það taki því að reyna þarna veiðar.



©Árni Geit Pálsson



28. Viðbjóður

65°12'51.9"N 21°38'59.8"W



Næsti staður fyrir neðan Stebbastreng heitir t.d. því „hljómpýða“ nafni Viðbjóður. Engar skýringar eru kunnar á þessu nafni aðrar en þær að mönnum hafi þótt óaðlaðandi að standa þarna undir þverhníptu bergen og renna í veiðistað þar sem mikið er um festur. Staðurinn er eins og áður sagði undir háum klettavegg. Laxinn getur legið undir hvítfyssinu þar sem fellur ofan í staðinn. Um miðjan staðinn er nokkuð stór flekkur af fagurgrænum dýjamosa á klettaveggnum. Beint undir mosanum er besti tökustaðurinn í hylnum, við endann á berghellu sem er í botni. Þarna hafa mórg ár veiðst mjög stórir laxar. Síðan ætti að veiða staðinn alla leið niður á brotið því að í botni eru rásir þar sem laxinn getur leynst.




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlf.	júlf. s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.

©Árni Geir Pásson





29. Stebbastrengur

65°13'03.4"N 21°38'40.1"W



Niðurgangan að Stebbastreng er nokkuð brött og því hafa veiðimenn kaðal til að styðja sig við. Staðurinn hefur verið góður veiðistaður nokkur undanfarin ár og þar er oft komið tölувert af laxi á seinni hluta veiðitímabilsins. Oftast er þessi staður veiddur frá eyrinni að sunnanverðu og nái veiðimenn þá vel til fiska á efri hlutnum. Neðri hlutinn veiðist ekki síður vel frá norður bakkanum. Veiðimenn ættu að sjá strax hvernig best er að standa að veiði á þessum stað. Í litlu vatni liggi laxinn uppi í harðasta strengnum en í vatnavöxtum, og þá einkum á haustin, geti hann legið niður eftir öllum streng. Þarna er hægt að veiða jöfnum höndum á léttar yfirborðsflugur svo sem gárutúpur og Sunray Shadow sem og með þyngri túpum.



30. Neðri Barki

65°13'10.7"N 21°38'26.9"W



Neðri-Barki er oft nokkuð drjúgur veiðistaður. Staðurinn virðist halda laxi vel á miðju veiðítímabilinu. Ekki er ólíklegt að laxinn flytji sig frá staðnum þegar líður nær hrygningu og staðir með góðri hrygningarmöl verða meira aðlaðandi. Staðurinn er nokkuð langur. Efsta hluta hans er best að veiða af suðurbakkanum og er þá kastað út í hvítfyssið. Síðan þurfa veiðimenn að flytja sig niður á nef sunnan megin og passa upp á að skýla sér fyrir laxinum. Neðsta hlutann er svo þægilegast að veiða norðan megin frá en þá er gott að vaða yfir ána fyrir neðan staðinn og læðast svo upp með bakkanum. Þá er byrjað að kasta í áttina að nefinu sunnan megin og síðan veitt alveg niður á brot.



©Árni Geir Pálsson




Sun Ray Shadow

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlf. f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.



31. Efri Barki

65°13'13.8"N 21°38'20.5"W



Þarna fellur áin um nokkuð þróngt gljúfur og er staðurinn hyldjúpur. Laxinn liggur yfirleitt í strengnum við suðurlandið og getur hann legið niður eftir öllum hlynnum sérstaklega þar sem staðurinn tekur að grynnast. Veiðimenn skyldu fara mjög varlega þegar þeir laumast um klettana sunnan megin árinnar. Þórður Ámason frá Akranesi var þarna einu sinni við veiðar í miklu vestanroki og stóð vindstrengurinn nokkurn veginn beint upp ána. Þórður tók sér stöðu með flugustöngina á eyrinni við norðurlandið og kastaði flugunni undan vindinum upp í rennuna. Laxinn tók fluguna í öldutoppnum og þarna fékk Þórður sex eða sjö laxa í beit.



©Árni Geir Pálsson




Frances

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlf.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.



33. Efri Strengur

65°13'22.4"N 21°38'06.1"W




Efri-Strengur er drjúgur veiðistaður en áramunur á veiðinni á þessum stað. Í Efri-Streng leynist yfirleitt lax begar komið er fram yfir mitt sumar margir sem fá yfirleitt fisk þarna í hvert sinn sem þeir veiða í Fáskrúð. Þetta er ágætur flugustaður og best er að standa sunnan við ána og kasta fast upp að norður bakkanum. Þarna getur laxinn legið nokkuð víða í strengnum og fer það eftir vatni hve neðarlega hann liggr. Í miklu vatni getur hann legið neðarlega en í litlu vatni er hann yfirleitt alveg uppi í hvítfýssinu.



©Árni Geit Pálsson

Krafla




34. Laxhylur

65°13'43.5"N 21°37'47.7"W



Staðurinn sem er nokkuð djúpur og vatnsmikill er veiddur af grófgerði malareyri sunnan megin eða þá af klöppum norðan megin. Laxhylur er einn skemmtilegasti fluguveiðistaðurinn í ánni þar sem þægilegt er að stýra flugunni í jöfnum en þungum straumi staðarins. Hylurinn geymir oft mjög mikil af laxi og menn skyldu varast að sleppa því að renna í Laxhyl þótt laxinn sjáist ekki bylta sér. Það er nánast ómögulegt að skyggna hylinn svo nokkru nemi og best er að kasta flugunni frá suðurlandinu yfir strenginn. Í miðjum strengnum eru klapparrásir í botninum og þar heldur laxinn sig oftast þótt hann geti legið í öllum hylnum og alveg niður á brot.



©Árni Geir Pálsson




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.




35. Breiðan

65°13'46.6"N 21°37'40.2"W




Breiðan nefnist næsti veiðistaður fyrir neðan Katlafoss en staðurinn er all nokkuð fyrir neðan fossana, skammt ofan við Laxhyl. Hægt er að veiða staðinn frá báðum bökkum og þarna leggst flugan vel í jöfnum straumnum. Laxinn liggur aðallega við tvo steina á miðri breiðunni og marir annar þeirra í kafi ef vatn er í meðallagi gott eða meira. Stundum veiðist lax einnig alveg uppi í kverkinni þar sem strengurinn rennur niður á breiðuna. En megin reglan er að veiða staðinn allan frá hvítfyssinu þar sem fellur í staðinn, niður breiðuna og alveg niður á brotið. Í miklu vatni getur það komið veiðimönnum á óvart hversu neðarlega laxinn getur leynst.



©Árni Geit Pálsson



Haugur - gártúpur




36. Katlafoss

65°14'09.3"N 21°37'22.3"W



Fossinn ber nafn sitt af Skessukötlum sem myndast hafa í mjúku berginu þegar hringiður hafa gripið með sér grjót. Þótt Katlafoss sé talinn efsti laxveiðistaðurinn þá getur laxinn gengið upp fossinn, sem er í þremur þrepum, þegar vatn er hæfilega mikið. Í fossþrepunum fæst stundum lax og þá sérstaklega á efsta stallinum. Helstu veiðistaðirnir eru þó í strengnum undir klettunum neðan við fossinn og alveg niður í rennuna sem þarna er á milli klettsins og stórrar klappar sem stendur upp úr ánni rétt við suðurbakkann. Best er að standa í eyrinni við norðurbakkann og berst flugan þá vel að laxinum. Auðveldast er að vaða yfir ánnu með því að þræða fossbrúnina ofan við fossinn. Skammt frá Katlafossum er eyðibýlið Ljárskógasel en þangað átti skáldið Jóhannes Jónsson ættir sínar að rekja en hann kenndi sig við Katlana og var skáldanafn hans Jóhannes úr Kötlum.



© Árni Geit Pálsson



Einkunn					
★	★	★	★	★	
Hlutfallsleg veiði pr. stangardag					
júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.

